



Efst á blaði að skapa framúrskarandi æfingakultúr

10



Ótrúlegt hvað maður getur lifað sig inn í þetta

12



Ungmennafélag Selfoss

Lokahófið

14



Handbolttablað **SELFOSS**

Tímarit handknattleiksdeildar Umf. Selfoss – desember 2022 – Upplag 4.000 – Frítt eintak



Janus Daði Smásson:
Ekki erfið ákvörðun að skipta yfir til Kolstad

Þórir Ólafsson:
Ætlum að berjast um alla titla sem í boði eru



GETRAUNANÚMER SELFOSS

8000



Nýir tímar

Á fyrri hluta ársins markaðist starf handknattleiksdeildarinnar áfram af Covid faraldrinum, leikir, mót og viðburðir féllu margir niður eða breyttust. Það var áskorun fyrir iðkendur, þjálfara og sjálfboðaliða að halda uppi krafti í iðkun og starfi en tókst að mínu mati vel. Mótum og keppnum var breytt en með jákvæðni allra tókst að ljúka tímabilinu með sóma. Yngri flokka starfið er áfram í föstum skorðum og ánægjulegt er að sjá góða aðsókn og mikla gleði í handboltaskólanum sem settur var á fót fyrir yngstu iðkendum.

Starf meistaraflokka markaðist af Covid á vormánuðum en hefur gengið eðlilega í haust. Meistaraflokkur kvenna gerði sér lítið fyrir og sigraði Grill 66 deildina undir stjórn Svavars Vignisson sem skilaði góðum hópi og vaxandi ungum leikmönnum. Þjálfari og leikmenn okkar fengu síðan fjölda verðskuld- aðra viðurkenninga á lokahófi HSÍ. Í vor tilkynnti Svavar að áframhaldandi starf kæm- ist ekki lengur fyrir hjá honum og var Eypór Lárusson ráðinn í hans stað. Við þökkum Svavari að sjálfsgöðu fyrir gott starf og bjóðum Eypór velkominn til starfa. Í sumar gengu öflugir leikmenn til liðs við okkur og leiða efnilegan hóp yngri leikmanna til að festa liðið í sessi í deild þeirra bestu. Stjórn og stuðningsmenn kvennalíðsins eru ein- huga um að standa bak við meistaraflokk kvenna því Selfoss getur og á að eiga kvennalið í fremstu röð, uppeldisstarf deild- arinnar mun skila því til framtíðar.

Þrátt fyrir mikil meiðsl náði meistaraflokkur karla 5. sæti í Íslandsmóti en féll úr úrslitakeppni í undanúrslitum, eins og í Bikarkeppninni, sem er frábær árangur. Halldóri Jóhanni bauðst í sumar tækifæri til að takast á við þjálfun í úrvalsdeild í Danmörku og varð að samkomulagi að hann hætti með liðið. Í hans stað tók heimamaðurinn Þórir Ólafsson við starfi þjálfara meistaraflokks og bjóðum við hann velkominn til leiks. Þökk- um við Halldóri gott starf og óskum honum góðs gengis á nýjum vettvangi. Öflugur hópur mætti til leiks í haust og fjöldi ungra leikmanna hafa fengið tækifæri í deild hinna bestu. Hinir tveir meistaraflokkar karla sem



Þórir Haraldsson.

skipa ungmenna- liðin hafa staðið sig mjög vel en nú í haust var ákveð- ið að halda ein- göngu úti einu liði í þeim flokki og spilar liðið í Grill 66 deildinni. Þar fá efnilegir iðkend- ur þjálfun, tækifæri og reynslu sem er mikilvæg fyrir þá og deildina til framtíðar.

Þjálfarahóparnir tóku nokkrum breyting- um milli ára en það er ánægjulegt að upp- aldir heimamenn skipa þar allar stöður með þryði. Þá hefur tekist að stækka nokkuð hóp sjálfboðaliða í starfinu en áfram er þörf fyrir vinnufúsar hendur í margskonar störf. Starf deildarinnar hefur á árinu áfram notið öflug- stuðnings samfélagsins, fjölmargra einstak- lings og fyrirtækja sem styðja starfið hver á þann hátt sem hann getur.

Áfram nýtur uppeldisstarf okkar, fagleg nálgun, þjálfun, áherslur í yngri flokkum og akademíustarfi, mikillar virðingar og viður- kenningar bæði innanlands og utan og áfram á fjöldi landsliðsmanna í nær öllum landslið- um Íslands, bæði yngri og fullorðins, sinn grunn og þjálfun á Selfossi. Þar má nefna að sjö Selfyssingar eru í 35 manna A-landsliðs- hóp sem valinn var nú undir lok nóvember.

Verkefnum okkar lýkur aldrei en nú eru þrengsl í íþróttahúsum farin að standa starfi okkar fyrir þrifum og mjög brýnt að bæta þar úr. Þá vonum við auðvitað að íþróttahú- sið lða sé orðið vatnshelt eftir síðustu við- gerðir þannig að ekki þurfi að fella niður æfingar og mót vegna vatnsleka.

Í árslok vil ég þakka traustum stuðnings- aðilum deildarinnar fyrir stuðninginn á árinu, stjórnarfólki, iðkendum og þjálfurum fyrir gott samstarf. Sérstakar þakkir fá sjálfboða- liðarnir sem enn sem fyrr bera starfið uppi.

Gleðileg jól, með von um farsæld á nýju ári.

Þórir Haraldsson, formaður.
handknattleiksdeildar Umf. Selfoss

Efnisyfirlit



6 VIÐ ÆTLUM OKKUR Í ÚRSLITAKEPPNINA OG BERJAST UM ÞÁ TITLA SEM ERU Í BOÐI

Viðtal við Þóri Ólafsson, þjálfara meistaraflokks karla

2 NÝIR TÍMAR

Leiðari formanns deildarinnar

12 ÓTRÚLEGT HVAD MAÐ- UR GETUR LIFAÐ SIG INN Í ÞETTA

Guðfinna Tryggvadóttir sjálfboðaliði

14 LOKAHÓF HANDKNATT- LEIKSDEILDAR

18 NÝIR LEIKMENN SELFOSS

Hulda Dís, Ásdís Þóra, Katla María, Cornelia og Arna Kristín

20 BÓNUSMÓTIÐ OG LANDSBANKAMÓTIÐ

36 HANDBOLTA- AKADEMÍAN Á SELFOSSI

24 MEISTARAFLOKKUR KVENNA 2022-2023

Myndir af leikmönnum og liðinu

28 MEISTARAFLOKKUR KARLA 2022-2022

Myndir af leikmönnum og liðinu

30 LANDSLIÐSFÓLK FRÁ SELFOSSI



4 JANUS DAÐI

Selfyssingur í atvinnumennsku

32 LOKAHÓF YNGRI FLOKKA

34 RAGNARSMÓTIÐ 2022

38 ÆFINGAR OG ÞJÁLFA- ARAR YNGRI FLOKKA

40 DRAUMALIÐIÐ

42 SOFTBALLMÓT 2022

46 JÁKVÆÐ LIÐSHEILD SKIPTIR ÖLLU MÁLI

Einar Sverrisson og Set



10 EFST Á BLAÐI AÐ SKAPA FRAMÚRSKARANDI ÆFINGAKÚLTÚR

Viðtal við Eypór Lárusson, þjálfara meistaraflokks kvenna

Handboltaþlað SELFOSS

Útgefandi:

Handknattleiksdeild Selfoss, desember 2022.

Ábyrgðarmaður:

Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson.

Ritstjórn: Einar Sindri Ólafsson, Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson, Örn Guðnason og Gísli Guðjónsson.



Myndir: Árni Þór Grétarsson, Einar Sindri Ólafsson, Guðmundur Karl Sigurdórsson, Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson o.fl.

Forsíðumynd: Árni Þór Grétarsson.

Meistaraflokkur kvenna fagnar deildar- meistaratitli í Grill 66 deild kvenna vorið 2022 eftir sigur á ungmennaliði Vals.

Prentun: Litlaprent. Upplag: 4.000 eintök.



SELFOSS TV



lindex.is





Ekki erfið ákvörðun að skipta yfir til Kolstad

JANUS DAÐI SMÁRASON

Selfyssingur Í ATVINNU MENNSKU

Janus Daði Smáráson þekkja flestir ef ekki allir handboltaunnendur. Hann er einn af fjölmörgum afreksíþróttamönnum frá Selfossi sem hafa náð langt í sinni íþrótt.



araflokki sem munu standa með þeim seinna í vetur og í framtíðinni. Ég ber sterkar taugar til Selfoss og finn það þegar ég horfi á leiki að ég æsi mig yfir því sem gerist inn á vellinum. Þegar við vinnum góða sigra finn ég fyrir miklu stolti.“

Lífið gott í Noregi

Janus Daði ólst upp á Selfossi, fór á sautjándi ári í unglíngakademíu Aarhus í Danmörku áður en hann gekk til liðs við Hauka. Þaðan fór hann til Álaborgar í Danmörku þar sem hann lék í þrjú ár. Hann lék síðan með liði Göppingen í Þýskalandi í tvö ár og hafði svo vistaskipti til Kolstad í Þrándheimi í Noregi síðasta sumar.

Hvernig lýst honum á lífið þar?

„Ég er ánægður hér, mér líður eins og ég sé kominn heim til Íslands, skammdegið er tekið við og dagarnir stuttir og kaldir. Ég er nýbúinn að klára að koma mér fyrir í nýrri íbúð og var að enda við að skrúfa síðustu skrúfurnar í hillur og koma öllu í gott horf. Liðsfélagar mínir eru toppdrengrir og Sigvaldi Björn Guðjónsson er í næsta nágrenni. Við eyðum ansi miklum tíma saman og förum reglulega í golfherminn hér í bæ. Auk þess spila ég, þegar tími gefst, tölvuleiki við félagamína frá Selfossi og held þannig tengslunum við þá og fæ fréttir af því sem er að gerast heima.“

Janus reynir að fylgjast með því sem fram fer í Ólísdeildinni og er dyggur stuðningsmaður Selfoss.

„Ég er jákvæður fyrir tímabilinu, horfi reglulega á leiki og svo heldur Sverrir Pálsson mér alltaf upplýstum um það sem er að gerast. Við eigum mikið af mjög ungum strákum sem lofa góðu. Selfoss hefur það fram yfir önnur lið á Íslandi að handbolta- og æfingamenningin þar skilar alltaf góðum leikmönnum. Ungu strákarnir fá blóð á tennurnar núna í vetur og ná sér í mikilvægar mínútur í meist-

Stemningin á Selfossi er engu lík

Ekki er hægt að taka viðtal við mann sem spilar í hæsta gæðaflokki öðruvísi en að spyrja hann út í þær fyrirmyndir sem hann hafði sem ungur leikmaður.

„Á þeim tíma sem ég var að mótast sem handboltamaður var landslið Íslands í hæsta gæðaflokki og ég horfði mikið til þeirra leikmanna sem léku með því. Má þar nefna þá Ólaf Stefánsson og Aron Pálmarsson. Að sama skapi voru leikmenn meistaraflokks Selfoss á þeim tíma miklar fyrirmyndir og það að mæta í geðveikina á troðfulla pallana í íþróttahúsi Vallaskóla gaf mér mikið. Andrúmsloftið í húsinu var algjörlega geggjað, mikil læti og fáir betri en Selfyssingar í því að styðja sitt lið. Við félagahópurinn vorum lítið í skemmtanálifinu og fengum því okkar útrás við það að styðja Selfoss og ég man hvað mér fannst leikmenn þess töff og flottir.“

En hvað lærði hann í yngri flokkum Selfoss sem gerði hann að þeim leikmanni sem hann er í dag?

„Ég var mjög heppinn með þjálfara og má þar nefna Arnar Gunnarsson, Stefán Árnason og Sebastian Alexandersson. Þeir opnuðu augu mín fyrir því hvað handbolta skipti mig miklu máli og að þessi íþrótt er það skemmtilegasta sem maður gerir. Það hugarfar eitt og sér skilar manni langt og svo einnig það að taka ábyrgð á sjálfum sér, sem er mjög mikilvægt, ætli maður að ná alla leið. Ég spilaði mikið upp fyrir mig og fékk strax mikla



ábyrgð. Ég nærast enn þann dag í dag best í þannig umhverfi og blómstra best að mínu mati þegar pressan er hvað mest. Það sem mér þykir einna vænst um á mínum ferli hingað til er að hafa orðið Íslandsmeistari í 3. flokki Selfoss með gaurum sem eru bestu vinir mínir í dag.“

Kolstad stefnir hátt

Janus náði góðum árangri með liði Göppingen í Þýskalandi á síðasta tímabili þar sem þeir enduðu í 5. sæti og komust með því í Evrópu-deildina. En af hverju fór hann þaðan til Noregs?

„Það var ekki erfið ákvörðun að skipta yfir til Kolstad þó ég hafi að sjálfsgöðu velt öllum steinum við áður en ég gekk til liðs við þá. Minn metnaður liggur í því að spila með bestu liðum sem í boði eru og það sem er í gangi hér er ansi spennandi. Ég var nýbúinn í axlaraðgerð og hér gefst mér tækifæri á að ná mér að fullu af þeim meiðslum í toppaðstæðum, ná í titla í Noregi, byggja mig upp fyrir landsliðið og ná svo alla leið í Meistaradeildinni á næstu árum.“

Lið Kolstad vann sér sæti í efstu deildi í Noregi árið 2015 og nú nýlega var metnaðarfullt átak sett í gang um að koma klúbbum í fremstu röð í heiminum. Þegar þetta er ritað eru þeir taplausir á toppnum í efstu deild í Noregi.

Hver eru markmið liðsins?

„Liðið hefur hægt og rólega verið að vinna sig á toppinn og nú erum við fimm atvinnumenn sem leikum með liðinu og markmið sett á það í vetur að vinna alla titla sem í boði eru í Noregi. Á næsta ári munu svo fleiri sterkir leikmenn ganga til liðs við okkur líkt og Sander Sagosen, en þetta er hans heimalið. Langtímamarkmiðið er því að komast alla leið í Meistaradeildinni og festa okkur í sessi sem eitt af sterkustu liðum í Evrópu.“

HM fram undan

Í janúar mun íslenska landsliðið taka þátt á Heimsmeistaramótinu sem fram fer í Svíþjóð og Póllandi. Janus ætlar sér að sjálfsgöðu að vera þar á meðal leikmanna.

„Ég er mjög spenntur fyrir mótinu og hugurinn leikar ansi oft til þess. Ég, ásamt mörgum leikmönnum sem eru í hópnun núna, komum inn í landsliðið fyrir nokkrum árum þegar kynslóðaskipti urðu og síðan þá hafa verið að tynast inn fleiri og fleiri leikmenn. Ég er því búinn að taka þátt í því ferli og upplifa það að taka smá niðursveiflu með landsliðinu og vera núna kominn í fremstu röð á ný. Ég tel að við séum komnir í stöðu til að ná langt á þessu móti og mig kitlar orðið í puttana að fá að taka þátt og negla þetta mót.“

Ætlar sér alla leið

Hvernig horfir framtíðin við þessum geðprúða afreksmanni og er einhver möguleiki á að hann muni spila í Selfosstreyjunni vinnrauðu á nýjan leik?

„Ég á mér markmið og draum um að sigra Meistaradeildina í handbolta og að sjálfsgöðu væri skemmtilegast ef það væri raunhæfur möguleiki með Selfoss. Ég ætla mér að ná alla leið með landsliði og félagsliði og vonandi á ég glæstan feril fram undan sem atvinnumaður í handbolta og enda ferilinn í góðu liði erlendis. En maður á aldrei að segja aldrei og hver veit nema ég klæðist Selfosstreyju að nýju.“

Handboltaþlað Selfoss þakkar Janusi fyrir áhugavert spjall og óskar honum velgengni áfram í skemmtilegustu íþrótt í heimi, handbolta.



Selfoss
2011–2012



Aarhus
2012–2014



Haukar
2014–2017



Aalborg Handbold
2017–2020



Frisch Auf Göppingen
2020–2022



Kolstad Handbold
2022–



Gjafakort Landsbankans

Með gjafakortinu er ekkert mál að velja réttu jólagjöfina. Þú ákveður upphæðina og sá sem þiggur velur gjöfina. Þú færð gjafakort í næsta útibúi eða á **landsbankinn.is**.





Við ætlum okkur í úrslitakeppnina og að berjast um þá titla sem í boði eru

Þórir Ólafsson tók við þjálfun meistaraflokks karla um mitt síðasta sumar. Hann hafði þá verið aðstoðarþjálfari í tvö tímabil eftir að atvinnumannsferlinum lauk.

Kona Þóris er Margrét Elín Ólafsdóttir, þýskukennari í Menntaskólunum að Laugarvatni. Þau eiga synina Jason Dag 17 ára og Óskar Braga 11 ára sem báðir eru í handbolta. Þá hafa foreldrar Þóris og tengdaforeldrar unnið mikið sjálfbæðaliðastarf í kringum handboltann.

Byrjaði að æfa handbolta 18 ára

„Ég byrjaði í íþróttum á Selfossi 11–12 ára og æfði fótbolta alveg upp 3. flokkinn eða þangað til að ég var 16 ára. Þá var ekki 2. flokkur í boði þannig að ég neyddist til að hætta og æfði ekki í tvö ár. Ég var svo plataður inn á handboltaæfingu þegar ég var 18 ára af vinnum mínum sem voru þá að æfa með meistaraflokkum sem Sigurjón Bjarnason þjálfaði. Ég fékk síðan að æfa með meistaraflokknum. Þetta var í kringum 1998 eða eitthvað svolítið. Einar Guðmundsson tók svo við 1999 og þá fór þetta aðeins á flug hjá mér. Ég var þarna 18 ára í ágúst mánuði og ekkert að spá í að eiga einhvern feril í handbolta þannig séð. Mér fannst það einhvern veginn ekki í boði fyrst ég hafði ekki verið að æfa í tvö ár. Eftir að hafa verið plataður inn á æfingu hef ég svo sem ekkert litið til baka. Sigurjón var með þéttan hóp þann vetur þannig að ég

spilaði bara 3–4 síðustu leikina þegar við vorum í raun fallnir. Við fallið fór svo til allur hópurinn nema við ungu strákarnir sem vorum skildir eftir. Þegar Einar tók við byrjuðum við eiginlega uppbyggingu. Ég tók svo þrjú tímabil hér, frá 1999 til 2002, með Einar sem þjálfara. Þann tíma vorum við svolítið að fara upp úr 2. deildinni og niður aftur,“ segir Þórir

Fyrsti landsleikurinn var á Selfossi 2001

Þórir var valinn í landsliðshóp um áramótin 2000–2001. Þá var Selfoss að spila í 2. deildinni og líklega í fyrsta ef ekki eina skipti sem leikmaður úr 2. deildinni á Íslandi hefur verið valinn í æfingahóp. Fyrsti landsleikur Þóris var æfingaleikur við Bandaríkjamenn 19. janúar 2001 í Vallaskóla. „Það var skemmtilegt að fá að taka það héra, segir Þórir.“

Gluggi í atvinnumenskuna

Tímabilið 2002 fór Þórir í Haukana og spilaði með þeim til 2005. Hann sleit reyndar krossbönd strax þegar hann kom þangað og fór í aðgerð þannig að fyrsta árið fór í endurhæfingu. „Við vorum með svolítið dómínerandi lið á þessum tíma og unnum í raun allt, bæði deild og Íslandsmeistararitil. Við spiluðum líka í meistaradeildinni öll árin og það var eiginlega gluggi sem kom manni út í atvinnumenskuna. Þessi handboltaheimur er lítill og það var gott tækifæri fyrir mig og fleiri í Haukaliðinu.“

Sex ár með Lübbecke

Þórir fór út til Þýskalands 2005 til TuS Nettelstedt-Lübbecke, sem er gamall og rötgróinn

klúbbur. Þar spiluðu meðal annars Siggi Sveins og Duranona á sínum tíma en þá hét hann Tus Nettelstedt.

„Ég spilaði með því liði í sex ár, þar af fimm ár í efstu deild. Við fórum eitt árið niður en komum svo strax upp aftur. Samningurinn minn í Þýskalandi rann svo út 2011. Eftir hann kom í raun ekkert spennandi upp, en þegar mér var boðinn samningur aftur í Þýskalandi kom boð frá pólska liðinu Kielce. Hægri hornamaðurinn þeirra ákvað að hætta eða leggja skóna á hilluna og það kom svolítið flatt upp á þá. Þeir þurftu því að bregðast við því og buðu mér samning. Ég var ekki búinn að semja í Þýskalandi og því opnaðist gluggi fyrir mig og við ákváðum að breyta til.“

Mikið ævintýri í Póllandi

Það var mikið ævintýri fyrir Þóri og fjölskyldu hans að fara til Póllands, en Kielce er stórtíð í Evrópu í dag og búið að vera síðustu tíu ár.

„Ég var hjá þeim í þrjú ár þ.e. frá 2011 til 2014. Á þeim tímamótum var maður að komast á aldur í handbolta og kannski ekki mikið spennandi í boði sem réttlætti að fara á milli landa með fjölskyldu og tvö börn. Við ákváðum þá að halda til Íslands aftur eftir þessi þrjú ár og 9 ár í atvinnumenskuna.“

Stjarnan og síðan Selfoss

Þegar heim kom var Þórir eitt tímabil spilandi aðstoðarþjálfari hjá Stjórnunni með Skúla Gunnsteinssyni og fékk góðan skóla hjá honum. Stjarnan féll niður um deild og eftir það ákvað Þórir að þetta væri bara orðið gott. Hann fór í aðgerð eftir tímabilið og ætlaði að hætta en það var ekki alveg komið að því.

„Ég tók nokkra leiki með liði Selfoss veturinn 2015–2016 eftir áramót. Það var minn mig bara í umspilinu á móti Fjölni, en þá fórum við upp um deild. Eftir það ákvað ég að þetta væri orðið gott og setti keppnisskóna á hilluna. Ég reyndar spríklaði smá með Mílnunni í bikarkeppninni en ekkert eftir það.“

Keppnisskórinn lagðir á hilluna

Þórir og fjölskylda fluttu á Selfoss 2015 í íbúð sem þau áttu og keyrði hann á milli þegar hann var hjá Stjórnunni. Þjálfaraferill Þóris hélt síðan áfram þegar hann flutti alveg á Selfoss 2016.

„Ég var svo sem búinn að pikka ýmislegt upp hjá þeim þjálfurum sem ég var með úti en fór svo að koma inn í teymið hjá Stefáni Árnasyni og síðan hjá Patreki Jóhannessyni þegar hann byrjaði. Þá vorum við Grímur Hergeirs Patreki til halds og trausts þ.e. þessi tvö ár sem hann var héra. Með þessu var ég líka að þjálfa 5. flokk karla í tvö ár. Á þeim tímamótum var ég kominn með svolítið mikið á mína könnu, var aðstoðarþjálfari karla og kvenna og með 5. flokkinn líka, þannig að ég ákvað að minnka við mig. Ég var líka í fullri vinnu annars staðar og ákvað að taka pásu í eitt tímabil 2019–2020. Ég kom svo aftur 2020 inn í þjálfunina og var þá með 3. flokk og U-liðið með Erni Þrastarsyni. Svo endaði það með því að ég tók við þjálfun meistaraflokksins í sumar.“

Í tívoli þegar síminn hringdi

Þórir var spurður hvernig það hefði komið til að hann var ráðinn þjálfari Selfoss.

„Það bar frekar fljótt að. Við vorum að klára



Milljóna
LEIKUR

24 spilarar vinna heila
milljón hver

DREGIÐ 24. DESEMBER

Milljónaleikurinn hringir inn jólin á aðfangadag. Það eina sem þú þarft að gera til að komast í pottinn er að vera með áskrift eða kaupa 10 raðir eða meira í Lottó, Vikinglotto eða EuroJackpot. 24 heppnir spilarar fá svo heila milljón með jólapökkunum!
Nánar á lotto.is

**EURO
JACKPOT**

**viking
lotto**



síðasta verkefnið með 3. flokki í Partille Cup í sumar. Við vorum á leið heim úr Skara Sommerland, skemmtigarði í Svíðþjóð, þegar síminn hringdi. Þá var Halldór búinn að semja um að hætta með liðið vegna þess að honum bauðst að þjálfari lið í Danmörku. Ég var búinn að hugsa mér að taka því bara rólega og jafnvel að þjálfari ekki neitt.

Ég fékk síðan mikinn stuðning, bæði frá Jónða og Erni Prastar, og tók mér bara mánuðag og þriðjudag til að hugsa þetta. Við vorum úti fjölskyldan og ræddum þetta aðeins saman. Við ákváðum að þetta væri skemmtilegt skref að prufa á þessum þjálfaraferli, það er að taka við þessu meistaraflokksliði í efstu deild og prufa þær áskoranir sem því fylgja. Ég hringdi líka í Guðna Ingvars og bauð honum að koma inn í teymið með mér, sem hann þáði.“

Undirbúningurinn stærri

Fyrstu skrefin í þjálfuninni hjá Þóri voru að heyra í lykilleikmönnum. Hann þekkti þá flesta vel og ekki síst ungu strákana sem voru að koma upp úr 3. flokki og U-liðinu.

„Ég setti mig aðeins betur inn í hvað ég var með í höndunum og fór svo að spá í hvernig ég myndi leggja þetta upp. Ég hitti strákana aðeins fyrir verslunarmannahelgi. Það var komin ákveðin rúttína í þetta hvað varðar æfingaleiki og lyftingaæfingar. Þetta er aðeins öðruvísi en að vera með 3. flokk þar sem maður er með 25–30 stráka. Þarna er maður bara með 18–20 manna kjarna sem er að æfa. Undirbúningur fyrir leiki er aðeins stærri ef svo má að orði komast. Það er aðeins meira í kringum þetta í meistaraflokki. Svo var bara að spila þessa æfingaleiki og sjá hvernig standi menn væru í.“



Þórir lætur heyra í sér í leik gegn FH.

Nýta styrkleika hvers leikmanns sem best

Þórir var spurður hvað hann hafi lagt upp með í upphafi

„Ég var svo sem ekki með neina sérstaka línu í byrjun, vildi bara nota það sem fyrir var. Við vorum með flott lið því Dóri var búinn að gera marga góða hluti. Hann var búinn að drilla ýmsum hlutum í gegn. Ég vildi kannski

aðeins betrubæta sóknarleikinn. Mér fannst hann ekki alveg vera eins og ég myndi vilja spila hann. Ég var samt með það í huga að nýta styrkleika leikmanna, vera ekki að þvinga menn í eitthvað sem menn ráða ekki við, frekar að sjá hvað menn ráða við og nýta styrkleika hvers leikmanns sem best, hafa ekki allt niður nörvað heldur leyfa mönnum að vera „kreativir“ í sókn og vörn. Búa til svolítið léttleikandi, hraðan og skemmtilegan handbolta.

Undirbúningurinn fram að tímabili gekk bara furðu vel. Það gekk margt vel í æfingaleikjunum og við náðum að rótera mikið og láta menn spila. Þetta gekk svolítið út á að fá traust og fá að spila þessa æfingaleiki. Auðvitað voru einhver meiddli og ekki allir klárir eins og gengur í þessu.“

Sáttir með byrjunina

Þórir var spurður hvernig undirbúningstímabilið hafi gengið.

„Við erum ekki búnir að vera með fullan hóp frá því að við byrjuðum. Það hafa alltaf einhverjir 2–3 verið meiddir, en við vorum alveg sáttir með byrjunina.“

Nokkrar breytingar urðu á leikmannahópnum í vor. Alexander Már Egan fór í Fram og Hergeir Grímsson í Stjórnuna. Tryggvi Þórisson fór um sumarið til Sävehof og Sölvi Ólafsson hætti. „Við misstum þessa leikmenn úr hópnum, en í staðinn bættust við yngri leikmenn frá okkur, sem er bara plús. Það var líka erfitt um mitt sumar að ætla sér að fara að finna einhverja leikmenn sem væru tilbúnir að koma yfir heiðina. Þeir kosta líka sitt og þurfa að vera það góðir að það sé réttlætlegt að kaupa þá. Ég var bara spenntur fyrir því að fara að vinna með ungu strákunum. Þeir fá líka fyrir vikið að spila fleiri mínútur.“

Það vilja allir stöðugleika

Þegar Þórir er spurður út í gengið í vetur segir hann það búið að vera upp og niður. Það hafi komið góðir leikir og slæmir leikir eins og gengur í þessu. „Við erum með blöndu af leikmönnum, nokkrum 18–21 ára og svo eldri leikmönnum sem eru komnir yfir þrítugt. Það er svolítið bil á milli þeirra þannig að það er alveg sveifla í leikjunum hjá okkur. Það

vilja auðvitað allir vera með stöðugleika í sínum leik í vörn og sókn. Það hefur ekki gengið í öllum leikjunum okkar en alveg einhverja leiki. Við höfum alveg átt fína spretti. Það eru einhverjir tveir þrír leikir sem maður er ósáttur með. Við töpum einhverjum leikjum en förum auðvitað í alla leiki til að vinna. Það er líka spurning hvernig maður tapar. Stundum eru sum töpin verri en önnur, eitthvert vonleysi eða baráttuleysi sem maður vill ekki sjá. Við höfum í gegnum tíðina verið baráttuhundar og ekkert verið að gefast upp. Það er mikilvægt að halda góðum anda inn í hópnum. Ef mönnum líður vel þá verða æfingarnar betri.“

Getum unnið hvaða lið sem er

En hvernig hefur gengið verið hingað til?

„Það sem af er vetri er bara punktastöfnun. Ég hef þá trú að með góðum leik getum við unnið hvaða lið sem er í deildinni. Það hefur líka sýnt sig að þetta er jöfn deild. Breytingar hjá liðum á milli leikja eru oft ótrúlegar. Fyrir fram byrjar þetta alltaf 0:0 og við ætlum að sækja til sigurs. Ég geri mér alveg grein fyrir því að við erum með ungan hóp og einhverjir eru meiddir. Raggi t.d. er ekki búinn að spila nema einn leik og Atli Ævar er búinn að spila lítið, en þeir eru tveir af okkar reyndlumestu mönnum. Að sama skapi fá þeir yngri fleiri mínútur sem að nýtist okkur til lengri tíma. Við ætlum okkur í úrslitakeppnina og að berjast um þá titla sem í boði eru. Fyrsti leikur í bikarkeppninni er í desember í 16-liða úrslitum. Markmið okkar þar er að komast í 4-liða úrslitin. Það eru bara tveir sigurleikir í það.“

Lítill munur á topp tíu liðunum

Þórir var spurður hvernig um deildina í dag.

„Þetta er búið að vera ótrúlega jafnt síðustu tvö til þrjú ár og því erfitt að spá um úrslitakeppnina. Það er ótrúlega lítill munur á topp tíu liðunum í deildinni. Tvö til þrjú lið hafa verið veikari en fylgt fast á eftir. Samt hafa þau verið að ná stigum af liðum í efri hlutanum. Valsararnir eru kannski fyrir fram sigurstranglegastir, en liðin þar á eftir FH, Fram, Stjarnan og ÍBV eru allt flott lið. Svo má ekki vanmeta lið eins og KA og Gróttu. Við erum búnir að eiga tvo hörkuleiki við Gróttu sem

Það er gaman í handbolta

NÝJIR ÍÐKENDUR ÆFA FRÍTT Í JANÚAR

Æfingartímar

Lið	Stað	Dagur	Tími
A.Í. Akureyri 2001-2002	Handboltsdeildin	Þriðjudagur	19.00-20.00
A.Í. Akureyri 2003-2004	Handboltsdeildin	Þriðjudagur	19.00-20.00
A.Í. Akureyri 2005-2006	Handboltsdeildin	Þriðjudagur	19.00-20.00
A.Í. Akureyri 2007-2008	Handboltsdeildin	Þriðjudagur	19.00-20.00
A.Í. Akureyri 2009-2010	Handboltsdeildin	Þriðjudagur	19.00-20.00
A.Í. Akureyri 2011-2012	Handboltsdeildin	Þriðjudagur	19.00-20.00
A.Í. Akureyri 2013-2014	Handboltsdeildin	Þriðjudagur	19.00-20.00
A.Í. Akureyri 2015-2016	Handboltsdeildin	Þriðjudagur	19.00-20.00
A.Í. Akureyri 2017-2018	Handboltsdeildin	Þriðjudagur	19.00-20.00
A.Í. Akureyri 2019-2020	Handboltsdeildin	Þriðjudagur	19.00-20.00
A.Í. Akureyri 2021-2022	Handboltsdeildin	Þriðjudagur	19.00-20.00

enduðu með naumum sigri okkar. Það eru líka svo margar breytur í þessu sem að geta haft áhrif á gengi liðanna. Það eru ekki öll lið með neitt rosalega mikla breidd í sínum hópum, þannig af að einhverjir tveir lykilleikmenn meiðast á sama tíma rétt fyrir úrslitakeppni þá getur það alveg haft gríðarleg áhrif á það hvort þau lið enda í 2. eða 3. sæti í deildinni og spila við lið sem eru í 5. eða 6. sæti.“

Einstök nánd í félaginu

Hvað er það sem skapar Selfossi sérstöðu í handboltanum?

„Það eru margir sem eru að vinna gott starf hjá félaginu. Svo er það, eins og maður þekkir, þessi góða samvinna og nánd sem er í félaginu. Maður hittir svo marga bæði á leikjum og í kringum liðið. Maður heyrir það líka út undan sér frá öðrum liðum að það er svo mikið af fólki hérna í húsinu þegar fólk kemur. Það er vel tekið á mótum þeim. Hjá sumum liðum vantar meira líf. Maður er þakklátur fyrir hvað það er mikið og gott starf unnið hérna. Það er einnig mikið talað um unglingastarfið okkar.“

Íþróttabærinn Selfoss

Þórir hefur unnið sem fasteignasali á Selfossi í sex ár og vinnur núna hjá Árborgum fasteignasölu. Hann hittir því mikið af fólki sem er að flytja á Selfoss. Hvernig tengir hann það við íþróttirnar?

„Íþróttirnar eru oft stór umræðupunktur þegar fólk kemur til mín. Það kannski kannast eitthvað við mann og maður fer að benda á þetta líka. Þetta á ekki síst við um fólk sem er með börn. Þegar maður fer að nefna aka-



Þórir útskýrir hlutina í einum leikja meistaraflokks Selfoss.

demiurnar og yngri flokkana þá er fólk oft búið að heyra af því og hrósar því og nefnir að Selfoss sé íþróttabær. Það talar um hvað mikið sé í boði fyrir krakka sem koma hingað. Akademiurnar í framhaldsskólanum sem eru sex eða sjö eru alveg tvímælalaust að draga

að. Maður heyrir að fólk metur þetta þegar það kemur úr bænum eða að norðan. Um daginn var fólk að koma bara út af því að strákurinn þeirra vildi koma í körfuboltaakademíuna. Þetta er stór þáttur í vinnunni minni þ.e. að ræða þessi íþróttatengsl. Þetta

hefur verið mikið til umræðu síðustu ár eða alveg frá því að ég kom heim. Maður minnst líka stundum þess að við eigum 5–6 landsliðsmenn sem eru í landliðshóp í handboltanum sem koma frá Selfossi. Maður er gríðarlega stoltur af því,” segir Þórir að lokum.

Skoðun dagsins:

[Maður segir
pylsa ekki pulsa]



Ef þig vantar óumdeildari skoðun geturðu fengið eina hjá okkur

Komdu með bílinn og fáðu skoðun sem gildir í ár eða lengur



Sími 570 9090 • www.frumherji.is



Efst á blaði að skapa framúrskarandi æfingakúltúr

Eybór Lárusson, þjálfari meistaraflokks kvenna, er fæddur og uppalinn á Selfossi. Hann hefur alla sína tíð búið á Selfossi ef frá er talið eitt og hálf ár er hann var í Háskólanum í Reykjavík. Utan þess hefur hann búið á Selfossi og býr þar í dag ásamt konu sinni Gerði Ósk Guðmundsdóttur. Þau eiga tvo syni Ísak Henry og Erik Atla, fædda 2017 og 2020.

Eybór lærði lögræði í Háskólanum í Reykjavík og útskrifaðist 2019. Hann þjálfaði á Selfossi með skólanum og keyrði á milli. Hann byrjaði fyrst að vinna í höfuðstöðvum Íslandsbanka í Reykjavík en hefur unnið hjá bankanum á Selfossi frá því í janúar 2021.

Byrjaði snemma í íþróttum

Eybór var fyrst spurður hvenær hann hafi byrjað í íþróttum.

„Ég byrjaði snemma í íþróttum. Eldri bróðir minn Jón Kristinn

dró mig snemma á fótballaæfingar hjá Tóta Ingólfs, en þá var hann að passa mig. Ég byrjaði því snemma í fótballanum. Í handboltnum byrjaði ég í 5. flokki sem þá var í gömlu Gagnheiðinni hjá Jóa Guðmunds og Sigurjóni Hafsteins, en þeir þjálfuðu þá. Kveikjan að því var að bekkurinn minn í Vallaskóla eða Sólvallaskóla var meira í handboltnum. Fótballastrákarnir voru allir í Sandvíkurskóla. Þannig að eftir því sem leið á grunnskólann tók handboltinn alveg yfir hjá mér. Ég var samt í fótballanum líka alveg þangað til í 3. flokki held ég. Í handboltnum spilaði ég upp alla yngri flokkana þ.e. 5. flokk, 4. flokk og 3. flokk og upp í meistaraflokk.

Ég hætti í handboltnum 23–24 ára eftir eitt tímabil í efstu deild. Ég lagði skóna á hilluna út af meiðslum en spilaði svo nokkra leiki, sem varla er orð á gerandi, með Fylki. Það voru bara einhverjir 2–3 mánuðir minnir mig.“

Þjálfaraferillinn hófst með því að þjálfra „gullkynslóðina“

Hvernig hófst þjálfaraferillinn hjá Eybóri?

„Einar Guðmundsson tók mig inn í þjálfun þegar strákarnir sem eru fæddir 1997 og 1998, þ.e. „gullkynslóðin okkar“, voru í 6. flokki. Þá var ég aðstoðarþjálfari hjá honum. Það var byrjunin í þjálfuninni. Það má eiginlega segja að þjálfunin hafi verið nær óslitin síðan þó eitt og eitt tímabil hafi dottið út.

Gat ekki sagt nei

Hvernig kom það til að þú varst ráðinn þjálfari meistaraflokks kvenna?

„Selfoss var í þeirri stöðu, fljótlega eftir áramótin í fyrra, þegar ljóst var að Svavar Vignisson ætlaði ekki að halda áfram með liðið, að þurfa að leita að nýjum þjálfara. Ég held að sú leit hafi hafist fljótlega. Hún dróst eitthvað á langinn, hverju sem er um að kenna. Ég veit það ekki.

Ég fékk símtal í lok júní minnir mig. Ég átti ekkert von á því og var ekkert að bíða eftir því eða gefa mig fram í það. Þegar símtalið kom tók ég það til umhugsunar að sjálfsgöðu. Ég tók einhverja viku í að funda með þeim og sjá hvernig dæmið liti út. Síðan var það eiginlega bara þannig að ég gat ekki sagt nei.“

Arið verkefni að halda sér uppi

Það fyrsta sem Eybór gerði eftir að hann var ráðinn var að funda með liðinu.

„Þegar ég fór að spá betur í þetta, eftir að búið var að bjóða mér starfið, fór ég að hugsa hvernig við færum að þessu. Verkefnið sem beið okkar og við erum í, þ.e. að spila í Olísdeildinni, hefur verið ærið. Það hefur eiginlega verið óyfirstíganlegt fyrir nýliða í deildinni undanfarin ár að halda sér uppi. Nýliðar í deildinni undanfarin tvö eða þrjú ár hafa samtals unnið einn leik. Þannig að þeir hafa farið rակleitt niður aftur. Ég var að reyna að ná utan um lykilatriðið sem er að reyna að halda okkur uppi. Þar var efst á blaði að skapa framúrskarandi æfingakúltúr þ.e. breyta því og að ná góðum æfingahópi með öllum á sömu blaðsíðunni. Ég byrjaði strax á því að leggja það fyrir, en það er verkefni sem vinnst ekki á einni nóttu. Það er eiginlega verkefni vetrarins, þ.e. að við séum alltaf að bæta það. Ég byrjaði s.s. með að leggja línurnar þar og tala við leikmennina. Og skoða hvort við hefðum einhverja möguleika á að styrkja okkur á einhverjum stöðum. Þetta voru svona fyrstu skrefin.“

Byrjuðum snemma að æfa

Eybór segir að þau hafi síðan byrjað mjög snemma að æfa eða um leið og hann var ráðinn eða fyrstu vikuna í júlí. Nokkrar breytingar hafa orðið á leikmannahópnum frá síðasta tímabili. Nokkrar hafa hætt og nýjar komið inn. Nýr sænskur markmaður, Cornelia Hermansson, kom til liðsins í stað Minu Mandic sem fór til Aftureldingar. Katla María Magnúsdóttir kom til baka frá Stjórnunni og Hulda Dís Prastardóttir frá Val. Hulda meiddist fyrstu vikuna í ágúst og hefur því ekkert verið með í vetur. Síðan kom Ásdís Þóra Ágústsdóttir frá Val inn í hópinn rétt fyrir mót. Þrjár stelpur úr 3. flokki eru einnig komnar inn í liðið, en það var ekki í fyrra. Það eru þær Hulda Hrönn



Eybór gefur fyrirskipanir í leik Selfoss gegn FH.

Bragadóttir og síðan systur, Adela og Tanja Jóhannsdætur sem komu úr HK er þær fluttu á Selfoss. Svo kom Arna Kristín Einarisdóttir fyrir stuttu inn í hópinn er hún flutti heim á Selfoss. Einnig Dagný Huld Birgisdóttir, sem var með í fyrri, en hún flutti á Selfoss nýverið. Hún hefur verið í barneignarleyfi og er að koma inni þetta aftur. Annað hefur í rauninni ekki breyst að sögn Eyþórs. Kjarninn í liðinu er sá sami.

Æfingahópurinn hefur stækkað

Talið berst að helstu áherslum liðsins frá því að æfingar hófust og inn í tímabilið.

„Þær voru ekki margar fyrst, sex held ég á fyrstu æfingunum. Áherslurnar voru eins og ég nefndi, að búa til góðan æfingahóp og ná öllum inn. Síðan að búa til dínamik innan hópsins – að koma á æfingar og leggja sig fram og kannski aðeins að hækka tempóið, sem að sjálfkrafa þarf þegar lið fer upp um deild. Það tók tíma að innleiða það. Það voru ansi margar æfingar þar sem við þurftum að fá yngri strákana til þess að hjálpa okkur við það. Það voru strákarnir í 3. og 4. flokki. Í dag erum við komin á þann stað að æfingahópurinn er að slaga í tuttugu. Þar af eru fjórir markmenn. Við eru orðin ótrúlega sáttt við það. Þetta eru stelpur sem leggja mikið í þetta.“

Góð umgjörð í kringum liðið

Hvað með umgjörðina, hefur hún fylgt með?

„Umgjörðin var mjög góð í fyrri og er það líka núna. Það er ótrúlega góður hópur sem starfar í kringum liðið. Þar eru bæði stjórn og sjálfbóðaliðar sem starfa í kringum leikna. Síðan eru einstaklingar eins og Árni Þór og fleiri sem eru að hjálpa okkur í tæknihlíðinni. Ég held að umgjörðin sé eins og best gerist.“

Gangurinn er frekar upp á við

Eyþór er spurður hvernig gengi liðsins hafi verið í vetur?

„Gengið hefur verið upp og ofan. Við vissum fyrir fram að verkefnið yrði alltaf mjög flókið og erfitt. Liðið okkar er þannig samsett að þær eru náttúrulega mjög ungar heilt yfir, flestar fæddar eftir 2000. Samsetningin er allt niður í 2007. Síðan erum við með einhverja fjóra leikmenn sem eru fæddar fyrir. Við erum líka með leikmenn sem hafa ekki spilað í þessari deild áður eða fæstar þeirra. Ef þær hafa spilað þar hafa þær ekki haft stórt hlutverk.“

Við vissum alltaf að það tæki tíma að byggja upp og fá stöðugleika í frammistöðuna. Við byrjuðum tímabilið vel með því að vinna gríðarlega mikilvægan leik á móti HK. Síðan spiluðum við sex leiki þar til að við mættum HK aftur 26. nóvember sl. hér á Selfossi. Frammistöðurnar í þessum sex leikjum hafa verið upp og ofan. Við höfum spilað leiki þar sem við höfum verið vel inn í leikjunum og gert vel. Síðan hafa komið leikir þar sem við höfum dottið aðeins niður sem er líka eðlilegt. Síðan unnum við leikinn á móti HK, en það er eiginlega besti leikurinn okkar í vetur. Það eru ákveðin jákvæð merki fyrir mig, þ.e. að gangurinn er frekar upp á við.“

Við höfum lent í alls konar. Tinna Soffía hefur verið aðeins meidd og Roberta er búin að vera mikið meidd. Hún hefur spilað svona helming leikjanna og það munar um það. Tinna Sigurrós er búin að vera mikið frá eftir höfuðhöggið sem hún fékk í ágúst með landsliðinu, en hún er að koma gríðarlega sterk inn. Síðan finnur maður bara að hinar eru að þéttast og eru alltaf að spila betur og betur. Þannig að ég held að gangurinn í gengi liðsins sé góður þó að við viljum alltaf vera með fleiri stig. Við erum komin með þessa tvo sigra sem munu hjálpa okkur í framhaldinu.“

Viljum náttúrulega fara að kroppa í liðin fyrir ofan okkur

Hvernig sérðu fyrir þér næstu mánuði út tímabilið?

„Ef við ætlum að stíga næsta skref þá þurfum við að horfa ofar en bara að vera að þæla í neðstu tveimur sætum. Við viljum náttúrulega fara að kroppa í liðin fyrir ofan okkur í þessum leikjum sem fram undan eru. Allir leikir í þessari deild eru erfiðir. En ef við ætlum að taka næsta skref verðum við klárlega að halda áfram að bæta okkur og stefna að því að fara að kroppa í fleiri stig. Grunnmarkmiðið er samt alltaf að halda sæti sínu í deildinni. Þegar ég tók við hugsaði ég að það væri svolítið skammsýnt að hugsa þetta til eins árs. Við þurftum einhvern veginn að hugsa þetta lengra. Það er stutt á milli í þessu, en ef við myndum hugsa þetta út frá þriggja ára plani þá væri fyrsta tímabilið samt sem áður alltaf erfiðasta



Eyþór í leik gegn Haukum í Ólísdeildinni. Mynd: Hulda Margrét.

tímabilið. Það hefur reynst mjög erfitt að koma inn í deildina sem nýliði og halda sér uppi.“

Fyrirmyndir eru mikilvægar

Hefur ekki oft verið vandamál á Selfossi að það hefur vantað fleiri stelpur héðan inn í handboltann?

„Jú algerlega. Það er líka hluti af þessari stóru mynd sem ég var að hugsa í sumar ef maður horfir á þetta til lengri tíma. Það er ekki ásætlanlegt fyrir okkur hvað það er mikið af götum kvennamegin.“

Það hjálpaði okkur að við fórum upp. Það er mjög mikilvægt fyrir okkur að það séu fyrirmyndir, að það sé gott gengi, til þess að halda stelpunum inni. Við sjáum það núna að við eigum ótrúlega fjölmenna yngstu hópa þ.e. 7. og 6. flokk. Þær hafa náð mjög góðum árangri, urðu m.a. Íslandsmeistarar í vor. Þar eru stórir hópar en það mun taka tíma að byggja brú þar á milli. Það er samt stóra markmiðið í þessu hjá okkur. Það er framtíðin. Við erum háð því hér á Selfossi að byggja upp okkar eigin leikmenn. Það verður alltaf að vera takmarkið. Vonandi komumst við bara á þann stað innan fárra ára.“

Góðir leikmenn sem koma frá okkur er algjört lyklatríði. Það var svo sannarlega þannig fyrir ekki svo mörgum árum. Við eigum marga ótrúlega góða leikmenn í öðrum liðum. Á þessum tíma sem er liðinn síðan við fórum niður um deild hafa t.d. Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir farið út í atvinnumennsku og er í ÍBV núna, Perla Ruth Albertsdóttir og Kristrún Steinþórsdóttir eru í Fram og síðan Elena Birgisdóttir sem er í Stjörnunni. Hulda Dís Þrastardóttir og Katla María Magnúsdóttir eru komnar heim. Þetta eru allt leikmenn sem fóru í gegnum yngri flokka starfið hjá okkur sem var einu sinni með mikinn fjölda og náði góðum árangri. Þetta er eitthvað sem þarf að snúa við eða laga og byggja undir. Vonandi tekst okkur það.“

Purfum að búa til sambærilegt starf og er unnið karlamegin

„Mér finnst margt mjög spennandi vera að gerast hér á Selfossi. Ég held að það séu mörg tækifæri til að búa til sambærilegt starf og hefur verið unnið karlamegin í mörg ár. Og eiginlega engar aðrar forsendur en að það eigi að geta gengið,“ segir Eyþór að lokum.

Ein heild í þína þágu

LÁTTU OKKUR SJÁ UM HÝSINGU
OG REKSTUR TÖLVUKERFA
FYRIR ÞITT FYRIRTÆKI

www.tris.is | 480-3300

Það er eiginlega ótrúlegt hvað maður getur lifað sig inn í þetta

Flestir þeir sem mætt hafa á handboltaleiki undanfarin ár þekkja **Guðfinnu Tryggvadóttur**. Hún hefur starfað mikið í kringum handboltann og þá sérstaklega kvinnaliðið. Þrjú af börnum hennar leika í Ólisdeildinni. Tinna Sigurrós Traustadóttir er lykilmáður í meistaraflokki Selfoss og Tryggvi Sigurberg Traustason er að stíga sín fyrstu skref með meistaraflokki karla. Þá er Elena Birgisdóttir lykilmáður í liði Stjörnunnar. Guðfinna var útnefnd félagi ársins á lokahófi handknattleiksdeildar fyrir störf sín í þágu deildarinnar. Hún er svo sannarlega vel að því komin og ekki skemmir það fyrir að meistaraflokkur kvenna vann Grill 66 deild kvenna í vor og tryggði sér þannig veru í deild þeirra bestu á þessu tímabili. Við tókum Guðfinnu tali.

Í hverju hefur starf þitt sem sjálfbodaliði fyrir handboltann á Selfossi aðallega verið fólgið og eru einhver störf skemmtilegri en önnur?

„Ég er eiginlega sú manneskja sem hefur aldrei verið í stjórn en ég þarf alltaf að skipta mér af öllu. Það getur alveg verið kostur því þá tekur maður að sér verkefni sem manni finnst nauðsynleg og kannski einhverju sinni ábótavant. En þannig fór ég af stað að vinna með meistaraflokki kvenna. Mér fannst þær aðeins út undan, fannst þurfa að rífa upp umgjörðina í kringum þær og þannig byrjaði þetta. Starf mitt hefur einna helst verið að sjá um heimaleikina hjá þeim. Þar erum við með facebook síðu sem heldur utan um þetta allt. En við þurfum að manna ýmis störf fyrir leikina. Þá er gott að fjöldi sjálfbodaliða og

velunnarar stelpnanna eru tilbúnir að koma og hjálpa til. Hingað til hefur þetta nú mest verið foreldrahópur í kringum stelpurnar en sem betur fer er hópurinn ört stækkandi. Það er aldrei of oft sagt að margar hendur vinna létt verk og við höfum verið nokkuð góð í því.

Fyrir leikina þarf að fá fólk til að undirbúa og græja salinn fyrir keppni, einnig þarf 6–8 manns í gæslu, 2–4 á kústa, starfsfólk í sjoppu, miðasölu o.fl. Við höfum svo alltaf leikmannakaffi fyrir okkar fólk, dómara og aðkomulið sem er orðið landsfrægt! Við höfum fengið góðan styrk frá bakariunum hér á Selfossi, en þau hafa séð okkur fyrir bakkelsi og brauði eftir leiki. Allir sem geta, mæta svo með eitt-hvað meira góðgæti sem við deilum á hlaðborðið okkar. Þetta er góð hefð sem þjappar



Guðfinna að ganga frá eftir leik í Sethöllinni.

öllum saman og hefur líka jákvæð áhrif út í handboltasamfélagið. Það er því í ýmsu að snúast fyrir leiki en sem betur fer eru allir í þessu saman. Nú í vetur höfum við svo líka sameinað krafta okkar í m.fl. karla og kvenna

og vinnum að þessu saman. Þannig hefur myndast öflugur hópur fólks sem kemur að heimaleikjum liðanna okkar.

Eins og flestir vita að þá koma upp ýmis verkefni sem deildin tekur að sér sem þarf að leysa. Það höfum við fjölskyldan reynt að gera alltaf þegar við getum. Handboltadeildin eins og aðrar íþróttgreinar eru reknar þannig að sjálfbodaliðar eru mikilvægir og það veit ég bæði sem foreldri og líka sem íþróttakona hér áður fyrir.“

Hvernig nennir þú að standa í þessu og hvað er það sem dregur þig að handboltanum?

„Það er einfalt svar, þetta er svo gaman! Þarna tvinnast saman áhugamál mitt, barnanna minna og svo síðast en ekki síst að kynnast og vera með frábæru fólki í kringum þetta. Handbolti er bara svo skemmtilegur, mikill hasar og hraði og það er einhvern veginn alltaf eitthvað að gerast á vellinum. Svo er bara svo magnað að vera í allri stemmningunni sem myndast á pöllum. Það er eiginlega ótrúlegt hvað maður getur lifað sig inn í þetta.“

Hefur þú verið í stjórn handboltans eða öðrum íþróttum og þá hvenær?

„Ég hef ekki verið í stjórn handknattleiksdeildar, en var í stjórn fimleikadeildarinnar í nokkur ár. Éf g hef þó verið virk í foreldrarstarfi og ýmsum nefndum og störfum í kringum íþróttirnar hér á Selfossi, hvort sem það hafi verið kringum handboltann, fótboltann eða fimleikana.“



Guðfinna ásamt góðum konum sem spiluðu með meistaraflokki kvenna á Selfossi seint á síðustu öld. Myndin var tekin þegar Selfoss varð Íslandsmeistari í karlaflokki í maí 2019. F.v.: Hulda Bjarnadóttir, Kristjana Aradóttir, Lísá Björg Ingvarsdóttir, Guðbjörg Hrefna Bjarnadóttir, Inga Friða Tryggvadóttir, Guðfinna, Guðrún Herborg Hergeirsdóttir og Guðrún Hrafnhildur Klemenzdóttir.



Guðfinna Tryggvadóttir var útnefnd félagi ársins á lokahófi handknattleiksdeildarinnar 2022. Hér er hún ásamt börnum sínum, þeim Tinna Sigurrós og Tryggva Sigurberg. Tinna var valin efnilegasti leikmaður ársins og sóknarmaður ársins ásamt því að vera markadrottning. Tryggvi var valinn besti leikmaður U-liðsins ásamt því að vera markakóngur.



Guðfinna (lengst til hægr) á Softballmóti Selfoss 2022 ásamt liði sínu Sleggjunum.

Hver voru þín fyrstu kynni af handbolta?

„Mín fyrstu kynni af handbolta voru þegar ég var 11 eða 12 ára og fór þá á mína fyrstu æfingu. Ég hafði nú bara kynnst handbolta fyrst í íþróttatímum. Ég var mikil boltastelpa og var í fótbolta og handbolta á mínum yngri árum. Ég spilaði með Selfossi, fór einn vetur til Eyja og spilaði með ÍBV og var líka einn vetur í Gróttu. Slæm meiðsli í öxl urðu til þess að ég hætti í boltanum. Þá var ekki svona vel hugsað um mann eins og í dag þar sem íþróttafólkið okkar hefur góðan aðgang að sjúkrahjálfurum og öðru fagfólki.“

Þú átt nokkur börn sem stunda handbolta. Þar af tvö í Selfossliðunum, af hverju þessi miklu handboltagen?

„Ég á jú nokkur börn og þrjú af þeim eru í handbolta, held að það sé nú fyrst og fremst þeirra áhugi á boltanum sem hefur stýrt því að þau séu þar. Hins vegar hefur maður sem foreldri kannski haft einhver áhrif út af áhuga fyrir handbolta almennt. Hvað varðar íþróttagenin að þá hefur verið mikil íþróttahéð hjá okkur foreldrunum, höfum bæði þjálfað ymsar greinar og verið sjálf í íþróttum alla tíð. Hvaða grein krakkarnir myndu velja var svo bara þeirra en þau æfðu fleiri greinar þegar þau voru yngri. Einnig var nú líka afi þeirra mikill íþróttakappi. Svo var nú systir mín, Inga Fríða mikil fyrirmynd í boltanum og var lengi að, bæði með félagsliði, landsliðinu og atvinnu-mennsku. Tala nú ekki um mágkonu mína Hönnu Guðrúnu sem er magnað eintak og er enn á fullu.“

Hvað finnst þér vera stærsta augnablikið í kringum handboltann hér á Selfossi og af hverju?

„Það var auðvitað stærsta augnablikið og mögnuð stund þegar við unnum Íslands-meistaratitilinn 2019. Þá féllu nú alveg tárin

og allskonar tilfinningar flæddu um mann.

Annars fannst mér líka alveg mögnuð stund þegar stelpurnar okkar rústuðu Grill 66 deildinni í fyrra og unnu sér sæti í Ólísdeildinni. Það er bara svo gott að vinna, það er svo geggjuð tilfinning, eins og það er líka ömurlegt að tapa.“

Hvernig sérð þú framtíð handboltans á Selfossi á næstu árum? Þá sérstaklega kvannahandboltans.

„Framtíðin í handboltanum hér á Selfossi er björt. Við þurfum að halda áfram okkar frábæra starfi sem við erum nú þegar að gera. Halda áfram að vera með metnað í öllu uppeldi og uppbyggingarstarfi. Halda áfram að efla og stækka handboltasamfélagið, halda umgjörðinni og aðstæðum í toppklassa fyrir handboltafólkið okkar. Ala krakkana upp með sterkt Selfosshjarta þannig að þau vilji og langi að æfa og keppa undir merki Selfoss. Það gerum við með því að láta okkur alla varða, sýna öllum áhuga, gefa öllum jöfn tækifæri, hrósa, brosa og klappa hvert öðru. Það er þannig sem við verðum bara sterkari og öflugri bæði inn á vellinum sem utan.

Hvað kvannahandboltann varðar að þá sé ég bara bjarta framtíð, við erum nú þegar að byggja upp ungt og efnilegt lið sem mun bara eflast þegar líður á veturinn. Tala nú ekki um þegar við fáum allt liðið heilt inn. Svo er mín ósk að fá fleiri Selfoss stelpur heim. Við eigum því líkt góðar handboltakonur í öðrum liðum sem eru að sjálfsögðu velkomnar heim. Ég held að með þeirri hugmyndafræði og hugsun sem Eypór þjálfari og teymið í kringum hann er með að þá eru spennandi tímar fram undan, við erum rétt að rúlla af stað. Við eigum bara eftir að bæta okkur og verða enn betra lið. Framtíðin er svo sannarlega björt.

ÁFRAM SELFOSSI!



BLIKK EHF

ÞEKING - FÆRNI - ÞJÓNUSTA

SÍMI 482 2040

GARPAR EHF

GARÐYRKJA



VÉLALEIGA

Þorsteinn Hannibalsson · Skrúðgarðyrkjumeistari · 8940444

Lokahóf

HANDKNATTLEIKSDEILDAR



Viðurkenningar á lokahófi handknattleiksdeildar. F.v.: Hergeir Grímsson, Einar Sverrisson, Guðfinna Tryggvadóttir, Atli Ævar Ingólfsson, Tinna Soffía Traustadóttir, Elinborg Katla Þorbjörnsdóttir, Tinna Sigurrós Traustadóttir, Inga Guðlaug Jónsdóttir, Tryggvi Sigurberg Traustason og Ísak Gústafsson. Á myndina vantar Robertu Stropé

Lokahóf handknattleiksdeildar Selfoss fór fram í sumarblíðu á Hótel Selfoss þann 11. júní. Mikið var um dýrðir, góður matur og Ingvar Örn Ákason sá um að halda veislunni gangandi. Alexander Freyr Olgeirsson lokaði síðan kvöldinu með ljúfum tónum.

Roberta Stropé var valin besti leikmaður meistaraflokks kvenna og **Hergeir Grímsson** var valinn besti leikmaður meistaraflokks karla. Þá var **Tryggvi Sigurberg Traustason** valinn besti leikmaður U-liðsins auk þess að vera markakóngur liðsins.

Tinna Sigurrós Traustadóttir var valin efnilegasti leikmaðururinn, einnig markadrottning og sóknarmaður ársins, en **Ísak Gústafsson** var valinn efnilegastur karlamegin. **Einar Sverrisson** var valinn varnarmaður ársins ásamt því að vera markakóngur. Þá var **Tinna Soffía Traustadóttir** valin varnarmaður ársins kvennamegin. **Atli Ævar Ingólfsson** var sóknarmaður ársins og baráttubíkarinn fengu þau **Richard Sæþór Sigurðsson** og **Elinborg Katla Þorbjörnsdóttir**.

Guðfinna félagi ársins

Ein stærsta viðurkenning sem veitt er ár hvert er félagi ársins. Að þessu sinni var það Guðfinna Tryggvadóttir sem var valin félagi ársins en Guðfinna hefur verið mjög öflug í kringum meistaraflokk kvenna og haldið utan um framkvæmd heima-leikja liðsins ásamt því að hugsa vel um stelpurnar. Einnig hefur unnið sjálfbóðaliðastörf í kringum leiki hjá U-liði karla og hjá meistaraflokki karla. Guðfinna er gríðarlega vel að þessu komin.

Að lokum voru veittar viðurkenningar fyrir leikjafjölda. Viðurkenningu fyrir 100 leiki fengu þau Atli Ævar Ingólfsson, Ragnar Jóhannsson, Tryggvi Þórisson, Alexander Hrafnkels-son, Katla Björg Ómarsdóttir, Jósef Geir Guðmundsson (liðs-stjóri) og Þórir Ólafsson (þjálfari). Fyrir 200 leiki spilaða fyrir Selfoss fengu viðurkenningar þeir Hergeir Grímsson, Einar Sverrisson, Jón Birgir Guðmundsson (sjúkrapjálfi) og Örn Þrastarson (þjálfari).



Hergeir Grímsson, besti leikmaður meistaraflokks karla, og Tinna Sigurrós Traustadóttir, efnilegasti leikmaðurinn, markadrottning og besti sóknarmaðurinn í meistaraflokki kvenna.



Guðfinna Tryggvadóttir, félagi ársins.





F.v.: Hannes Höskuldsson, Sölvi Svavarsson og Alexander Hrafnkelsson.



F.v.: Kjartan Björnsson, Jón Ólafur Óskarsson, Hallur Halldórsson, Jóhannes Óli Kjartansson og Gunnar Jón Yngvason.



